

REGLUR

um könnun og meðferð einstakra barnaverndarmála eða málaflokka hjá starfsmönnum Barnaverndarnefndar Húnaþings vestra og Stranda

I. Almenn

1. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

2. gr.

Starfsmenn Barnaverndarnefndar Húnaþings vestra & Héraðsnefndar Strandasýslu kanna og fara með einstök barnaverndarmál eða málaflokka í umboði nefndarinnar eftir reglum þessum og eftir frekari ákvörðun nefndarinnar hverju sinni.

Barnaverndarnefnd getur hvenær sem er gripið inn í aðgerðir starfsmanna og skulu þeir í störfum sínum framfylgja ákvörðunum nefndarinnar og fara að tilmælum hennar.

II. Um starfsmenn Barnaverndarnefndar Húnaþings vestra og Stranda

3. gr.

Starfsmenn Barnaverndarnefndar, sem vinna að barnaverndarmálum skulu hafa lokið prófi í félagsráðgjöf eða öðru sambærilegu námi.

4. gr.

Um vanhæfi starfsmanna til meðferðar einstakra mála gilda lagareglur um vanhæfi héraðsdómara til að fara með einkamál eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfni hans, skal án tafar gera formanni grein fyrir þeim. Barnaverndarnefnd tekur síðan endanlega ákvörðun um hvort starfsmaður víki sæti.

Sé starfsmaður vanhæfur til meðferðar máls má hann ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi meðan staðgengill er ekki til staðar.

6. gr.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni. Ber þeim að vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða, eftir því sem best þykir á hverjum tíma.

Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum er tengjast máli alla nærgætni, er þeir kanna og fara með mál og mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því er þeir verða vísari í starfa sínum um einkamál manna eða heimilisháttu.

III. Málsmeðferð hjá starfsmönnum

7. gr.

Starfsmenn skulu taka á móti tilkynningum er varða óviðunandi aðbúnað barna. Skulu þeir gæta þess að skrá nákvæmlega efni tilkynninga og annað er máli kann að skipta. Starfsmenn skulu vekja athygli tilkynnanda á því að honum er heimilt að óska nafnleyndar gagnvart öðrum en Barnaverndarnefnd sbr. þó 17. og 18. gr. barnaverndarlaganna nr. 80/2002.

8. gr.

Starfsmaður skal framkvæma nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi barns, eftir fyrirsögn formanns ef unnt er sbr. 31. gr. barnaverndarlaga.

9. gr.

Nú fær starfsmaður rökstuddan grun um að aðbúnaði barns sé ábótavant, þannig að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska geti verið hættu búin og skal hann þá án ástæðulausrar tafar kanna málið. Það sama gildir ef barn stefnir heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni.

Starfsmaður skal afla upplýsinga frá þeim, er um málið geta borið og frá þeim sérfræðingum sem við þykir eiga. Skal jafnan aflað umsagnar skóla barns eða annarar stofnunar þar sem barn dvelur, heimilisaðstæður kannaðar og rætt við foreldra eða forráðamenn.

Starfsmaður skal að jafnaði greina foreldrum barns frá því að könnun á högum og aðbúnaði þess standi yfir.

10. gr.

Leiði könnun í ljós að aðbúnaði barns sé áfátt eða barn stefni heilsu sinni eða þroska í hættu með hegðun sinni, skal starfsmaður gera skriflega áætlun um meðferð máls.

Áætlunin skal miða að því að bæta aðbúnað eða hegðun barns sem í hlut á og í áætlun skal koma fram hvaða úrræðum og aðgerðum skal beitt í þeim tilgangi. Í áætlun skal jafnframt koma fram hvað foreldrum barns beri að gera í þessu skyni og hvaða aðstoð þau fá. Skal áætlun markaður ákveðinn tími.

Áætlun skal eftir því sem við verður komið unnin í samráði og samvinnu við barn og foreldra.

11. gr.

Ef ekki tekst samvinna um áætlun skv. 23. gr., eða um alvarlegt barnaverndarmál er að ræða, skal málið lagt fyrir Barnaverndarnefnd til frekari meðferðar.

Leggi starfsmaður mál fyrir nefndina skal það gert með skriflegri greinargerð, þar sem fram koma ástæður fyrir ihlutun starfsmanns, atvik máls og annað er máli kann að skipta.

12. gr.

Áður en mál er lagt fyrir Barnaverndarnefnd skal starfsmaður tilkynna foreldrum eða forráðamanni barns að málið verði lagt fyrir ráðið.

Starfsmaður skal afhenda aðilum greinargerð og önnur gögn málsins. Starfsmaður getur ákveðið, telji hann það andstætt hagsmunum barns, að aðilar fái ekki, að svo stöddu, að kynna sér innihald tiltekinna gagna, þar til Barnaverndarnefnd hefur tekið endanlega ákvörðun þar að lútandi.

Starfsmaður skal vekja athygli foreldra á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og tjá sig þar munnlega eða skriflega. Einnig ber starfsmanni að vekja athygli viðkomandi á rétti hans til lögmannsaðstoðar og mögulega fjárhagsaðstoð í því skyni.

13. gr.

Starfsmaður skal án ástæðulausrar tafar tilkynna viðkomandi aðilum um bókanir, ákvarðanir og úrskurði Barnaverndarnefndar með sannanlegum hætti. Jafnframt skal þá veita hlutaðeigandi aðila leiðbeiningar um kæruehimildir til Barnaverndarráðs Íslands, þegar hún er fyrir hendi, kærufresti og hvert beina skuli kærú.

IV. Umsagnir vegna ágreinings um forsjá og umgengnisrétt.

14. gr.

Óski Dómsmálaráðuneyti, dómari eða sýslumaður, þegar við á, eftir umsögn Barnaverndarnefndar áður en forsjár- eða umgengnismáli er ráðið til lykta, skulu starfsmenn annast könnun málsins.

15. gr.

Könnun starfsmanns skal miða að því að upplýsa hvernig högum barns hefur verið háttað, aðstæður og möguleika foreldra til að annast barn, tengsl foreldra og barns og annað er máli kann að skipta. Eftir því sem ástæða þykir til skal forsaga foreldra könnuð.

Starfsmaður skal kanna viðhorf barns eftir því sem það hefur þroska til. Starfsmaður getur aflað álits annarra sérfræðinga á einhverju því er að ofan greinir.

16. gr.

Að lokinni könnun skal starfsmaður gera skriflega greinargerð, þar sem fram kemur framkvæmd könnunar og helstu niðurstöður. Aðilum skal gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við framkvæmd könnunar, greinargerð starfsmanns og önnur gögn málsins.

Þegar greinargerð starfsmanns og athugasemdir aðila liggja fyrir skal málið lagt fyrir Barnaverndarnefnd. Starfsmaður skal vekja athygli aðila á rétti þeirra til að mæta á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum.

17. gr.

Starfsmaður skal á öllum stigum máls leita sátta með aðilum eftir því sem best þykir henta hag og þörfum barns.

Þá skal málið unnið í náninni samvinnu við aðra barnaverndarnefnd/félagsmálaráð ef því er til að dreifa.

V. Aðrar umsagnir

18. gr.

Sé óskað umsagna vegna ættleiðinga, meðmæla sem hæfir fósturforeldrar eða meðmæla vegna sumardvala skal starfsmaður annast könnun málsins. Starfsmaður skal skrifa greinargerð sem lögð er fyrir Barnaverndarnefnd. Afhenda skal aðilum greinargerð og gefa þeim kost á að gera athugasemdir munnlega eða skriflega.

Aðilum skal jafnframt boðið að mæta á fund Barnaverndarnefnd til að gera frekari grein fyrir aðstæðum sínum eða sjónarmiðum.

VI. Gildistaka

19. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu Sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Breytingar með rauðu letri... samþykktar í Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda 1. júlí 2004